

# Skólafundur haldinn í matsal ML

## föstudaginn 5. október kl. 13:40

Fundinn sátu:

Aðalbjörg Bragadóttir, Áslaug Harðardóttir, Baldur Garðarsson, Gríma Guðmundsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, Jóna Katrín Hilmarisdóttir, Jóna Björk Jónsdóttir, Páll M. Skúlason, Sigurjón Mýrdal, Valgarður Reynisson, Erla Þorsteinsdóttir, Pálmi Hilmarsson, Valgerður Sævarsdóttir, Þórdís Pálmadóttir, Heiða Björg Hreinsdóttir, Fanney Gestsdóttir, Sveinn R Jónsson.

Skólameistari hóf fundinn með því að fara yfir dagskrána, en að því búnu var haldinn aðalfundur Starfsmannafélagsins (STAMEL). Að honum loknum hófst hinn eiginlegi skólafundur.

### 1. Skólanámskráin

Skólameistari kynnti heimsíðu skólans með sérstakri áherslu á skólanámskrána; greindi lauslega frá tilurð hennar og helstu þáttum. Hann beindi þeirri ósk til starfsfólksins að það kynni sér það sem skólanámskráin felur í sér; lesi á ganrýninn hátt og komi athugasemdum á framfæri um það sem betur má fara. Sérstaklega vakti skm. athygli á tveim þáttum námskráinnar, sem hann opnaði og fjallaði lítillega um: starfsmannastefnu og áfallaáætlun. Hann tiltók nokkur atriði sem hann teldi að betur mættu fara, og hvatti enn til gagnrýnins lestrar.

Í tengslum við yfirferð áfallaáætlunar, kom fram ábending um að mikilvægt væri að beina því til foreldra að koma upplýsingum til skólans ef eitthvað það gerðist í lífi nemenda að sumri, sem mikilvægt væri að vitneskja væi um innan skólans, t.d. dauðsfall náins ættings, svo dæmi sé tekið.

### 2. Rýmingarmál.

Pálmi Hilmarsson, umsjónarmaður fasteigna, húsvörður, húsbóndi á heimavist og forvarnafulltrúi fór yfir rýmingaráætlun og kynnti fyrirhugaða rýmingaræfingu í skólahúsinu, en hún hefur verið ákveðin þann 17. október, kl. 11:35. Margt var rætt í þessu sambandi og margs var spurt og mörgu svarað.

### 3. Mögulegt námskeiðahald fyrir starfsmenn

Hér fór umræðan vítt og breitt en skólameistari kallaði eftir hugmyndum að námskeiðum sem gætu stuðlað að viðhaldi samkenndar; námskeiðum sem hentuðu starfsmönnum öllum eða flestum. Þarna voru til dæmis nefnd námskeið um vinnuvernd (etv. einhver sem kæmi og skoðaði vinnuaðstæður hjá öllum starfsmönnum), eða námskeið í notkun handslökkvitækja. Einnig var Jóhann Ingi Gunnarsson nefndur sem mögulegur námskeiðshaldari.

Það sem helst var talið sem hindrun fyrir sameiginlegu námskeiðahaldi var, að tími væri vandfundinn.

### 4. Afmælisárið

Skólameistari kallaði eftir hugmyndum og/eða tillögum um atburði eða atriði sem hægt væri að tengja þessu afmælisári. Hann greindi einnig frá því að frú Vigdís Finnbogadóttir hefur þegið boð um að vera gestur skólans á afmælisdeginum 12. apríl.

Ákveðið var að stefna að hugmyndavinnu með öllum nemendum innan skamms og þar verði allt undir.

Fundi slitið kl. 15:20.

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason.